

18. Frumvarp

til ljósmæðralaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Rétt til að kalla sig ljósmæður eða yfirsetukonur og stunda ljósmæðrastörf hér á landi hafa þær konur einar, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í Ljósmæðraskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar til þess hæfar.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig ljósmæður og stunda ljósmæðrastörf, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti til þess hæfar að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðherra. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefir hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa. Um stundarsakir má þó, ef nauðsyn krefur, og með ráði héraðslæknis fela skipaðri ljósmóður að gegna nágrannaumdæmum ásamt sínu umdæmi.

Í hverjum kaupstað skal vera skipuð ljósmóðir, ein eða fleiri. Því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar ljósmóður í umdæmi eftir tillögum sýslunefndar og fær þeim veitingarbréf, en í kaupstöðum bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), eftir tillögum bæjarstjórnar.

Ekki má skipa ljósmæður í kaupstaðarumdæmi, nema þær hafi að loknu tilskildu námi verið að minnsta kosti eitt ár aðstoðarljósmæður á fæðingardeild Landsspítalans, eða notið framhaldsmenntunar sem því svarar, að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

Jafnan skal leita álits hlutaðeigandi héraðslæknis áður en ljósmóðir er skipuð. Ef héraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en utan kaupstaða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Í kaupstöðum skulu launin greidd mánaðarlega, en á manntalsþingi utan kaupstaða.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót, þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 300 krónur að viðbættum 10 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1000 krónur í byrjunarlaun.

Laun allra skipaðra ljósmæðra skulu hækka eftir 5 ár um 50 kr. og eftir önnur 5 ár um 50 kr. Þó mega launin án dýrtíðaruppbótar aldrei fara fram úr 1500 krónum.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans hver þau skuli vera.

5. gr.

Ef skipuð ljósmóðir slasast, þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sér á annan hátt, þá skal hún, unz skipuðum ljósmæðrum hefir verið tryggður lífeyrir með lögum, eiga kröfu til eftirlauna frá sömu aðiljum, og greiði þeir heini launin í sömu hlutföllum. Sýslunefndir, með samþykki ráðherra, og bæjarstjórnir ákveða upphæð eftirlaunanna. Ef sýslunefndir, með samþykki ráðherra, eða bæjarstjórnir til þess tíma ákveða að greiða ljósmæðrum eftirlaun, eftir að þær hafa látið af störfum sínum sem skipaðar ljósmæður, fyrir elli sakir eða vanheilsu, greiðir ríkissjóður sinn hluta af eftirlaununum til móts við sýslusjóð.

6. gr.

Ljósmóðir, sem ekki er skipuð, en óskar að setjast að í umdæmi sem starfandi ljósmóðir, skal tilkynna það hlutaðeigandi héraðslækni, leggja fyrir hann skilríki sín og sanna honum, að hún hafi nauðsynleg áhöld til jafns við áhöld skipaðra ljósmæðra. Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) getur með ráði héraðslæknis bannað henni að stunda ljósmóðurstörf í umdæminu, ef hún hefir ekki tilskilin áhöld, eða ef ætla má, að umdæmið verði ofsett ljósmæðrum, ef hún bætist við, svo að hætta geti orðið á, að því haldist ekki á skipaðri ljósmóður. Ef ljósmóður er bannað að stunda ljósmóðurstörf í umdæmi af hinni síðartöldu ástæðu, má hún þó leita úrskurðar bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

7. gr.

Allar starfandi ljósmæður, skipaðar og óskipaðar, eru skyldar til að láta aðstoð sína tafarlaust í té hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir þeim.

Nú бага ljóðmóður veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá ljósmæður í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma án þess að vanrækja sín umdæmi.

Allar ljósmæður, þó óstarfandi séu, eru skyldar til, ef þær eru nærstaddar og ekki næst í skipaða eða starfandi ljósmóður — nema því alvarlegri forföll banni — að veita sængurkonu nauðsynlegustu hjálp, unz til starfandi ljósmóður hefir náðst.

8. gr.

Ljósmæðrum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og hjúkrun sængurkvenna og að auki ókeypiss fararbeiði báðar leiðir. Þessi þóknun skal eigi vera minni en 7 krónur fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem ljósmóðir dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað, þar sem ljósmóðir býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimtingu á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

9. gr.

Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

10. gr.

Brjóti nokkur ljósmóðir gegn því, sem henni er gert að skyldu með lögum þessum og ljósmæðrareglugerðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í ríkissjóð 50—500 kr., nema þyngri hegning liggir við afbroti hennar að lögum. Fyrir ítrekað brot og mikilsháttar (sbr. næstu grein) er rétt að svipta ljósmóður rétti til ljósmæðrastarfa um stundarsakir, og fyrir fult og allt, ef sakir eru miklar.

11. gr.

Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) má vikja skipaðri ljósmóður frá starfi sínu, ef hún að dómi héraðslæknis hefir brotið alvarlega af sér sem ljósmóðir, einkum ef hún hefir oftast en einu sinni skorast undan að vitja sængurkvenna tafarlaust og að forfallalaus, ef hún hefir ljóstað upp trúnaðarmáli, sem hún hefir komist að sem ljósmóðir, eða ef hún hefir gert sig seka um óafsakanleg afgang eða óhæfu í ljósmóðurstörfum. Á sama hátt má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi fyrir tilsvarendi sakir. Ef um einhverja óhæfu er að ræða að dómi landlæknis og aðalkennara Ljósmæðraskólans, má ráðherra svipta ljósmóður rétti til ljósmóðurstarfa, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

12. gr.

Ákvæði 1. málgr. 1. greinar ná ekki til þeirra lærðra ljósmæðra, sem rétt hafa til ljósmæðrastarfa hér á landi, þegar lög þessi ganga í gildi, þó að þær hafi ekki lokið námi eins og þar segir.

Ekki má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi samkvæmt 6. grein, ef hún hefir starfað þar áður en lög in ganga í gildi, nema hún hafi ekki tilskilin áhöld til ljósmóðurstarfa.

13. gr.

Yfisetukvænnalög nr. 63, 19. maí 1930, og lög nr. 15, 23. júní 1932 eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir gengið frá frv. þessu og gerir fyrir því eftirfarandi grein: Höfuðástæðan til þess, að þörf er talin á að gefa út ný ljósmæðralög er sú, að gildandi yfisetukvænnalög ná aðeins til skipaðra ljósmæðra og ekki til annara starfandi ljósmæðra. En þær eru nú orðnar allmargar, einkum í Reykjavík, og fer fjölgandi. Hafa þær kvartað yfir því að vera, ekki á neinu hátt verndaðar af löggjöfinni, og að sjálfsögðu ber nauðsyn til, að þær séu háðar sömu almennu fyrirmælum um störf sín sem þær ljósmæður, er skipaðar eru. Liggur fyrir að endurskoða ljósmæðrareglugerðina, og þykir rétt að draga það þangað til stoð er fengin í lögum til þess, að ákvæði hennar geti náð til allra ljósmæðra. En það má ekki dragast lengi, því að endurskoðun reglugerðarinnar er aðkallandi.

Á síðastliðnu ári var ljósmæðrakennslunni komið í það horf, að hún þolir samanburð við það, sem tíðkast í menningarlöndum, og er því ekki ástæða til að gera lengur sérstaklega ráð fyrir því í lögum, að sú fræðsla sé sótt til annara landa. Fyrir því er lagt til að fella niður ákvæðið um, að skipaðar ljósmæður í Reykjavík skuli hafa notið kennslu í Fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða annari jafngildri, erlendri fæðingarstofnun. Hins vegar er inkil ástæða til að gera ráð fyrir og ýta undir framhaldsmenntun ljósmæðra að loknu námi, og er því lagt til í frumvarpinu, að kaupstaðarumdæmi, þ. e. stærstu umdæmin, verði ekki veitt öðrum ljósmæðrum en þeim, sem notið hafa framhaldsmenntunar sem aðstoðarljósmæður í Landsspítalanum í eitt ár, eða annarar tilsvareandi framhaldsmenntunar. Er í undirbúningi að koma skipulagi á framhaldsnám ljósmæðra í fæðingardeild Landsspítalans, sem verða mun til tryggingar því, að ekki verði vandkvæðum bundið að uppfylla kröfur frumvarpsins að þessu leyti.

Launakjör ljósmæðranna eru með öllu látin óhreyfð.

Viðvíkjandi hinum einstöku greinum er rétt að geta þessa:

1. gr. Tilsvareandi ákvæði og þau, sem gilda um lækna og þá, sem með lækningar fara. Þó er ekki ætlað til, að hver einstök ljósmóðir sækir um leyfi til ráðherra. Enda er svo tilskilið í reglugerð Ljósmæðraskólans, að ekki sé eingöngu miðað við þekkingu nemendanna, heldur þau önnur kynni, sem skólinn hefir af þeim haft, þegar um það er dæmt, hvort þeir eiga að teljast hæfir til að vera ljósmæður.

2. gr. Hér er því skotið inn, að heimilt sé að fela skipaðri ljósmóðuri að gegna nágrannaumdæmum um stundarsakir ásamt sínu umdæmi, sem óhjákvæmilegt

er oft og tíðum. Samþykkis ráðherra er og krafizt, er ákvæða skal niðurskipun ljósmæðraumdæma.

3. gr. Óbreytt að öðru leyti en því, sem áður segir um fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn og tilskilið framhaldsnám þeirra ljósmæðra, sem skipa má í kaupstaðarumdæmi.

4. gr. Óbreytt að öðru leyti en því, að tekið er upp ákvæði um, að ljósmóður, sem gegnir öðru umdæmi ásamt sinu umdæmi, beri fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis, sem er í samræmi við það, sem tíðkast um aðra opinbera þjónustu, þegar eins stendur á.

5. gr. Óbreytt að efni til.

6. gr. Það eru sjálfsögð skilyrði, að óskipuð, starfandi ljósmóðir hafi áhöld til jafns við tilskilin áhöld skipaðra ljósmæðra. Hér er einnig heimilað að reisa nokkrar skorður við því, að umdæmi verði ofsett ljósmæðrum, þannig að skipaðri ljósmóður verði þar ekki líft.

7. gr. Óbreytt að öðru leyti en því, að gegningarskyldan er látin ná til allra ljósmæðra, skipaðra sem óskipaðra, ef þær á annað borð eru starfandi. Öllum ljósmæðrum er gert að skyldu að veita sængurkonum bráðabirgðarhjálp, unz til starfandi ljósmóður næst, og er þetta í samræmi við tilsvarendi ákvæði um lækna.

8. gr. Óbreytt að öðru leyti en því, að ákvæði greinarinnar ná nú einnig til ljósmæðra, þó að þær séu ekki skipaðar.

9. gr. Óbreytt að efni til.

10.—11. gr. Viðurlög við brotum og yfirsjónum í samræmi við ákvæði, sem gilda um lækna.

12.—13. gr. Þarfnast ekki skýringa.